



Fréttir úr Tungumálaveri

Vefkönnun meðal pólskra foreldra


Í febrúar var lögð vefkönnun fyrir pólska foreldra á viðhorfi þeirra til pólskukennslunnar. Slóðin var send út til 70 foreldra. Af þeim eru 3 sem ekki tóku þátt þar sem þeir hafa ekki aðgang að tölvupósti, sex foreldrar eiga fleiri en eitt barn. 50 foreldrar svöruðu könnuninni. Fram kom í svörum foreldra að þeir telja sig vita hvað börnum þeirra er kennt og hvernig kennslan og mat fer fram. Fram kemur að flest barnanna hafa búið á Íslandi í 2–4 ár eða 33, 11 hafa verið hér lengur en fjögur ár og 6 styttra. Sjá nánar á heimasíðu.




Foreldrar telja *mikilvægt* eða *mjög mikilvægt* að nemendur haldi tengslum við eigin menningararf.



Foreldrar telja *mikilvægt* eða *mjög mikilvægt* að yfirvöld virði uppruna menningu með því að pólska bjóðist sem hluti af skyldunámi barnanna.



Foreldrar telja einnig að pólskunámið hafi *mjög mikil/mikil* áhrif á vitsmuna- og félagsþroska barnanna.



Mikilvægi foreldradaga til að halda tengslum við kennarann.

Tungumálatorgið er samstarfsverkefni í mótun og hefur aðstöðu í Tungumálaveri. Verkefnið er styrkt af menntamálaráðuneyti og nýtur velvilja margra aðila. Tungumálatorginu er ætlað að verða þekkingarmiðja og upplýsingavefur.



Torginu er ætlað að vera stuðningur við íslenskunám, tungumálanám og fjölmenningu með upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samskiptum um netið. Vefsíður verða opnar með efni þar sem höfundarréttahafar hafa heimilað afnot af efninu samkvæmt ákvæðum **Creative Commons**.

Tilgangurinn með Torginu er að nýta betur fyrirliggjandi efni, koma í veg fyrir tvíverksnað, spara fjármuni, auka aðgengi að hagnýtu stöðefni, efla kennara í starfi og umfram allt tryggja nemendum þann jöfnuð sem þeir eiga rétt á. Tungumálatorg skólanna byggir á hugmyndafræði sem víða er að finna í opinberri stefnumótun. Styrkur til verkefnisins fékkst úr Sprotasjóði. Þorbjörg Þorsteinsdóttir er verkefnisstjóri.

Ráðgjafarvefur í dönsku

Í tengslum við Tungumálatorgið verður unnið að ráðgjafarvef í dönsku. Gengið verður út frá ákvæðum í aðalnámskrá frá 2006. Styrkur til verkefnisins fékkst úr Samstarfssjóði Íslands og Danmerkur. Í fyrsta áfanga verður áhersla á matsaðferðir í tungumálum. Matsvefurinn mun innihalda þætti eins og *stöðumat* við upphaf dönskunáms; aðferðir við *munlegt námsmat* í 7. og 8. bekk; *munlegt námsmat* í 9. og 10. bekk; *heimapróf*—möppupróf og mikilvægi *rúbrikka*— matsramma þegar nemendur eru að búa sig undir óhefðbundið námsmat. Vefurinn verður öllum opin og treyst verður á virka þátttöku kennara í að miðla efni og aðferðum sem þeim hefur gagnast vel—og fá aðrar í staðinn ☺

Meðal annarra mun Birgitte Petersen rejselærer 2006—2007 leggja verkefninu lið.

Í dagsins önn

Nemendur í norsku og sænsku eru á **Digital resa í de nordiska länderna** ásamt félögum frá öðrum Norðurlöndum. Verkefnið er fjölbreytt og krefjast þess að nemendur *smakki á mat* frá löndunum sem þeir heimsækja, *hlusti á tónlist*, *fylgist með fréttum* fleira skemmtilegt og lýsi reynslu sinni bæði í hópnum sínum og síðan fyrir öllum 65 þátttakendum.

Árlegur **fundur með öllum norsku- og sænskukennurum verður 19. mars**. Markmiðið með fundinum er að skiptast á reynslu, verkefnum og hugmyndum.

Tungumálaverið fær mánaðarlega send frá Pólska menntamálaráðuneytinu fréttabréf um kennslu í pólskri tungu og bókmenntum, landafræði og sögu: *Polonistyka, Geografia w Szkole, Wiadomości Historyczne*.